

Fundargerð 8. fundar efnisorðaráðs, föstudaginn 25.02.2005, stytt
Haldinn í Borgarbókasafni kl. 13-15

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Árni Sigurjónsson var gestur fundarins á meðan liður 3 var ræddur.

- Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
- Lokið við formlegt bréf til Lois Mai Chan (LMC) vegna lyklunarnámskeiðs.
- Fyrirhugað námskeið LMC í lyklun í maí nk. kynnt fyrir Árna Sigurjónssyni framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna.
Árni tilkynnti að Landskerfi bókasafna styrki námskeiðið. Námskeiðið verður haldið í samvinnu við Landskerfi bókasafna og Landsbókasafn-Háskólabókasafn.
- Efnisorðaforritið MultiTes kynnt fyrir Árna.
Farið yfir nokkur atriði sem þarf að hafa í huga varðandi kaup á MultiTes.
Guðný hefur samband við MultiTes vegna þessara atriða.
- Ragna upplýsti að hægt er að setja þrengri og víðari heiti inn í Gegni – Sjá einnig tilvísun = skylt heiti.
Rætt var að setja Wordskjalið með Kerfisbundnum efnisorðalykli (KE3) á vef Landskerfis til að auðvelda fólki lyklun í Gegni. Ragna skoðar það.
- Kynning á námskeiðinu skoðuð.
Nauðsynlegt er að kynna námskeið LMC, áætla verð, tilgang, markmið og innihald og kanna áhuga. Þórdís ætlar að senda kynningarbréfi á póstlistana og biðja um forskráningu á námskeiðið.
- Verkefnalisti í Gegni vegna efnisorða lagður fram til kynningar. Ræddur á næsta fundi.
- Búið er að senda erindi til skráningarráðs um stefnumörkun í lyklun.

Guðný Ragnarsdóttir ritaði fundargerð